

## GJALDSKRÁ

### vatnsveitu Húnaþings vestra.

#### 1. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Almennt vatnsgjald skal vera 0,31% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjald dagar almenns vatnsgjalds eru þeir sömu og sveitarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarfélaginu.

#### 2. gr.

##### *Aukavatnsgjald.*

Aukavatnsgjald til stórnotenda er 14 kr./m<sup>3</sup>.

#### 3. gr.

##### *Heimæðagjald vatnsveitu.*

Notendur greiða heimæðagjöld sem miðast við að ídráttarrör fyrir heimæðar hafi verið lagt á frostfrúu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar að inntaksstað við mannvirkni og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af vatnsveitunni.

<b>Þvermál inntaks</b>	<b>Heimæðagjald kr.</b>	<b>Yfirlengd</b>
32 mm eða minna	100.000	3.000 kr./m
40 mm	140.000	4.000 kr./m
50 mm	200.000	6.000 kr./m
63 mm	400.000	7.000 kr./m
75 mm	600.000	8.000 kr./m

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök eru reiknuð sérstaklega hjá tæknideild. Viðbótarkostnaður/yfirlengd reiknast af heimaug sem er lengri en 50 m á lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðagjald skal greitt þegar lokið hefur verið við tengingu vatnsveitunnar við viðkomandi mannvirki. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. janúar 2012 og var 112,3 stig.

#### 4. gr.

##### *Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæðagjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

#### 5. gr.

##### *Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Húnaþings vestra er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjöld vatnsveitu og fráveitu og byggingarleyfis- og þjónustugjöld tæknideildar í Húnaþingi vestra nr. 512/2008.

*Hvammstanga, 9. júlí 2013.*

F.h. sveitarstjóra Húnaþings vestra,  
**Guðrún Ragnarsdóttir**, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. júlí 2013